

Bæjarráð FW: Sirkushátíð í bæjarfélagið?

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð FW: Sirkushátíð í bæjarfélagið?
Málsnúmer : 2019010065
Málsaðili : Sirkus Íslands ehf.
Skráð dags : 15.01.2019 12:53:11
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

From: Almennur póstur
Sent: þriðjudagur, 15. janúar 2019 10:03
To: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Subject: FW: Sirkushátíð í bæjarfélagið?

Kveðja / Best Wishes

Ragnar Heiðar Sigtryggsson
Verkefnastjóri / Þjónustufulltrúi
Stjórnsýslu- og Fjármálasvið Ísafjarðarbæjar

Sími: 450 8044
Netfang: ragnarh@isafjordur.is
Vefur: www.isafjordur.is

From: Sirkus Íslands [<mailto:sirkusislands@gmail.com>]
Sent: þriðjudagur, 15. janúar 2019 09:53
Subject: Sirkushátíð í bæjarfélagið?

Góðan daginn!

Við erum hópur frá Sirkusi Íslands með skemmtilega hugmynd sem okkur langar að framkvæma. Mörg okkar hafa gengið með þann draum í þó nokkur ár núna að halda sirkuslistahátíð eða sirkus ráðstefnu hér á Íslandi. Markmiðið með slíkri ráðstefnu er að safna saman hópi áhugafólks um sirkuslistir og bjóða ýmis námskeið eða „workshops“ í hinum ýmsu sirkuslistum svo sem „djöggli“, loftfímleikum, „acro“, húllahringjum ofl.

Sirkusráðstefnur sem slíkar eru árlega haldnar víðsvegar um heiminn og höfum við fundið mikinn áhuga erlendra sirkusáhugafólks fyrir slíkri hátíð/ráðstefnu hér á Íslandi. Við vonumst til að íslenskt áhugafólk muni einnig nota tækifærið og mæta í 3ja daga dagskrá í skemmtilegum og uppbyggjandi sirkuslistanámskeiðum.

Við erum að leggja upp með að fyrsta framkvæmdaárið verði jafnvel árið 2019 um miðbik ágúst og okkur datt í hug að leita til ykkar í bæjarstjórn og kanna hvort áhugi gæti verið hjá bænum ykkar til samstarfs og stuðnings við þetta verkefni.

Sirkusráðstefnur lífga upp á bæjarlífið og gefa gestum og heimamönnum einstakt tækifæri til þess að upplifa og taka þátt í sirkusheiminum. Við teljum þetta gríðarlegt tækifæri fyrir áhugasamt bæjarfélag til að glæða bæjinn skemmtilegu mannlífi og auka við listaflóru og menningu staðarins.

Möguleikarnir í samsstarfi eru margvíslegir. Einna helst erum við að vonast eftir aðstoð til þess að finna svefn- og æfingaaðstöðu fyrir ráðstefnugesti. Við sjáum fyrir okkur að hægt væri að nýta íþróttasali, skólahúsnæði og jafnvel sirkustjaldið eða upphitaðar vöruskemmur til æfinga og sem svefnaðstöðu. Svefnaðstaða gæti einnig verið aðgangur að tjaldsvæði, svefnpokaplássi, herbergjum eða hvaðeina sem bærinn býður upp á. Einnig dettur okkur í hug sá möguleiki að bjóða sirkusnámskeið fyrir börn og unglinga bæjarfélagsins í tengslum við viðburðinn en Sirkus Íslands hefur í áraraðir starfrækt Æskusirkusinn sem er sirkuslistaskóli fyrir börn og unglinga. Sirkuslistir auka færni, samhæfingu og athygli einstaklinga. Þær styrkja sjálfsmynd og sjálfsöryggi iðkenda og gefa þeim færi á að þróa með sér einstaka hæfileika.

Áætlun okkar fyrir ráðstefnuna felur í sér 3ja daga námskeiðishöld sem ráðstefnugestir geta skráð sig á eftir áhuga. Við viljum einnig gefa gestum okkar tækifæri til þess að upplifa umhverfi viðburðarins svo rými verður gefið í dagskránni til þess að nýta þá ferðaþjónustu sem bærinn hefur upp á að bjóða. Á kvöldin verða „opin sviðs kvöld“ fyrir ráðstefnugesti og á lokakvöldinu ráðgerum við að sýna flotta sirkussýningu sem bæði ráðstefnugestir og bæjarbúar geta notið saman.

Hafi ykkar bæjarfélag áhuga til samstarfs við okkur þá bíðum við spennt hérna megin.

Virðingarfyllst fyrir hönd hópsins,
Alda Brynja Birgisdóttir.